

Ritdómur

Stríð og kliður: Hvað verður um ímyndunaraflið?
eftir Sverri Norland. Reykjavík: JPV útgáfa, 2021, 144 bls.

Rithöfundurinn Sverrir Norland (f. 1986) hefur sent frá sér bók með titlinum *Stríð og kliður: Hvað verður um ímyndunaraflið?* Á bakhlið bókarinnar er staðhæft að bókin „tali til lesenda á öllum aldri“ enda glími hún við „margar stærstu spurningar samtímans“. Það er ekki ofmælt, en meginviðfangs-efni höfundar er að velta fyrir sér *andlegum* viðbrögðum okkar andspænis fyrirbyggjandi upplýsingum um hamfarahlýnun jarðar og sjöttu tegundaútrýminguna (bls. 20). En til hvers konar stríðs vísar stríðið í bókartitlinum þar sem Napóleónsstyrjöldunum er augljóslega ekki lengur til að dreifa? Svarið við því er að hugtakið vísar til þeirrar iðju mannkyns sem staðið hefur allengi og felst í að útrýma líffræðilegum fjölbreytileika jarðarinnar en höfundur teflir fram heilmikilli tölfræði til að rökstyðja þá staðhæfingu. Kliðurinn, hins vegar, sem er augljóslega alger andstæða friðarhugtaks Tolstojs, vísar til hins gegndarlausu áreitis nútímans en besta dæmið um það eru hinir svokölluðu samfélagsmiðlar. Höfundi finnst sem sagt ekkert skjól fyrirfinnast lengur í heiminum fyrir ásækni slíkra miðla heldur ríki nú stöðugur kliður. Að þessum forsendum frátöldum spyr hann svo hvaða áhrif slíkt stríðs- og kliðsástand hafi á manninn sem andlega og skapandi veru. Hefur þetta ástand lamandi áhrif á bæði hug og hönd? Er ástandið jafnvel svo slæmt að það sé hreinlega að ganga frá dýrategundinni maður? (bls. 20)

Bókin skiptist í sjö meginkafla, myndum prýdda, og eru lítil laufblöð látin marka þáttaskil milli undirkaflanna, sem eru fjölmargir. Þá státar bókin af tilvísanakerfi og ítarlegum aftanmálgreinum, bókaskrá og nafnaskrá sem hæfa myndu í fræðilegri útgáfu. Í fyrsta kaflanum staðnæmist höfundur við persónulega upplifun sem hann kallar „krísuna“ en hún átti sér stað 2016. Ekki var það gamaldags ritstífla — enda slíkt fyrirbæri ekki til í hans huga. Fremur má lýsa henni sem andlegri örmögnun eða andlegum doða sem hafði það í för með sér að hann missti áhugann á umhverfi sínu og í raun og veru öllum högum mannkyns. Vangaveltur hans um þetta eru á þessa leið: „Mér leið eins og ég væri ekki í neinni snertingu við umheiminn — veröld manna — allt í kringum mig. Og sá sem nær engum tengslum við nánasta umhverfi sitt getur ekki verið mjög skapandi“ (bls. 14). Hér er því komin sams konar lýsing á vandamálinu og afleiðingum þess: höfundurinn þjáist af deyfð, hefur misst ímyndunaraflið og þar með kraftinn til að skapa. Honum er orðið illt í sálinni. Ástandið má eflaust kalla ýmsum nöfnum en sjálfur nefnir hann það einfaldlega kvíða, nánar tiltekið loftslagskvíða, og segir svo um viðbrögð sín:

Í örvæntingarfyllri leit að sálarlíkn las ég ógrynni bóka og sömuleiðis fræðigreinar á netinu. Hver setning fjallaði um hlýnun jarðar, kolsvartar spár vísindamanna um framtíðina, útrýmingu manna á öðru lífríki. Mér leið eins og heimurinn væri ónýtur og við lifðum í rústunum. Meðfram lestrinum fór ég að veita því aukinn gaum að dýrunum í kringum okkur hafði ekki einungis tekið að fækka, víða voru þau bókstaflega að hverfa. Heimurinn virtist skyndilega svo gegnsýrður af manngerðum vandamálum — og mannfólki — að ég gat ekki réttlætt það að loka mig af og búa til ný gervi-vandamál, búa til nýtt plat-mannfólk, til að setja á milli spjalda einhverra skáldsagna. (bls. 15)

Þarna er þá kominn hvatinn að bókinni en jafnframt leitast höfundur við að koma orðum að því hvað honum raunverulega gengur til með skrifum sínum, þ.e. hvert sé raunverulegt markmið hans með þeim. Á bak við þetta allt glittir í mannskilning höfundar sem er allrar athygli verður. Hann segir t.d. á einum stað: „Mig langar að velta því upp hvaða afleiðingar hnignun landslagsins í kringum okkur hefur á landslagið innra með okkur, því að eitthvað segir mér að heilladrjúgt yrði, fyrir okkur sem samfélag, að hugleiða oftast sambandið þar á milli“ (bls. 30). Túlkun mín á þessum orðum er að Sverrir hugsar sér manneskjuna af sama meiddi og náttúruna, samofna henni, og í þessu sambandi koma mér í hug orðin sem höfð eru yfir við hverja kristilega útför: „Af jörðu ertu kominn. Að jörðu skaltu aftur verða“. Þannig hljóti örlög manns og náttúru að fléttast saman í víðtækustu merkingu. Örlög beggja verði að lokum þau sömu.

En hvar er sálarlíknina sem höfundur lýsir eftir að finna en orðið *sálarlíkn* kannast ég reyndar ekki við að hafa séð fyrr! Í huga Sverris er maðurinn andleg vera. Hún hefur sál og andlegar þarfir. En hverju vill sú andlega vera breyta og hverju getur hún breytt í sínu eigin persónulega lífi og starfi og hverju myndi ný breytni af hennar hálfu svo sem breyta? Við fáum engin afgerandi svör við þessum spurningum í bókinni hafi einhver búist við því. Þau sem halda aftur á móti áfram lestrinum þiggja með því boð um að slást í för með höfundum þar sem hann reikar um meðal hámenntaðra vísinda- og fræðimanna, rithöfunda og skálda, tilbúinn að bergja af viskubrunni þeirra, þótt ekki sé nema svo sem eina teskeið í senn. Þannig staðnæmist Sverrir við ótal litlar sögur í umfjöllun sinni sem til samans gætu hugsanlega varpað ljósi á einhverjar hinna mörgu hliða hins ógnvænlega, *óhugsandi* vandamáls sem við öll stöndum frammi fyrir. Án þess að ætla sér um of — og alls ekki í því skyni að koma með heildarlausn — tæpir hann á ýmsu því sem hamlar hinu góða lífi í veröldinni.

Eitt af því alvarlegasta er mannhverfan en eyðingarmáttur hennar er eitt stærsta vandamálið (bls. 15). Við ættum að skammast okkar fyrir framkomu okkar í þessum heimi en gerum það ekki því að við áttum okkur ekki á vandanum. Þannig er mannkyn upp til hópa, að minnsta kosti hinn ríki hluti þess, uppfullur af hroka. Til að tengja við hliðstætt vandamál, þ.e. ofmat á eigin ágæti og vanþekkingu manna á yfirvofandi og yfirstandandi heimsþróun, vísar Sverrir til rithöfundarins Stefáns Zweig (1881–1942) en í bókinni *Veröld sem var* lýsti hann andrúmsloftinu sem ríkti í Evrópu skömmu fyrir fyrri stríð á þann hátt að fólk hafi almennt talið að það lifði á fullkomlega öruggum tímum (bls. 125). Hliðstæðan sem Sverrir skírskotar til er því þessi: líkt og sjálfumgláðir Evrópubúar á ofanverðri nítjándu öld í blekkingu sinni, lifum við nú í sams konar blekkingu. Við höldum að allt sé í stakasta lagi í veröldinni þegar sannleikurinn er sá að jörðin og náttúran er á barmi eyðileggjnar. Þessu ástandi sem fólk skellir skollaeyrum við lýsir Sverrir svo á einum stað í bókinni:

Við erum á fyrstu stigum fjöldaútrýmingar á dýra- og plöntulífi jarðar. Það verður erfitt fyrir afkomendur okkar að skilja hvers vegna við létum okkur berast sljó og í afneitun inn í sífellt snauðari heim, glötuðum smám saman fyrri ríkidæmi hans fyrir fullt og fast. Um leið og ríkidæmi jarðar hnignaði þvarr einnig ríkidæmið hið innra með okkur, menning lét undan síga fyrir stöðlun og tækni, staðbundnir síðir og tungumál hopuðu fyrir heimstungum og heimsmenningu, við tók alþjóðleg afþreying og veröld sem breyttist í einn stóran flugvöll. Við hættum að geta tjáð okkur, fyrst glötuðum við orðaforðanum fyrir plöntur náttúrunnar, síðar yfir gróður hjartans. (bls. 126)

Segja má að bókin sé einn allsherjaróður til veraldar sem einu sinni var. Vísindalegar staðreyndir og orð viturra manna fá það hlutverk að magna upp harm og sorgarferli sem við öll munum líklega þurfa að ganga í gegnum þegar við áttum okkur á því að hin kapítalíska stórsaga sem haldið hefur verið að okkur nokkurt skeið, sagan um lífsgæðin og valkostina sem bara aukast og verða meiri, er helber lygi. Við höfum gleypst þá lygi gagnrýnislaust allt of lengi og sitjum nú í súpunni. Markaðirnir leystu ekki allt, þegar allt kom til alls! (bls. 127) Kapítalisminn og nýfrjálshyggjan höfðu rangt fyrir sér. Vísindalega rökstudd skoðun Sverris Norland er sú að vandamálið sé of langt gengið til þess að hægt sé að laga það. Verkefnið sem við blasi sé hins vegar að laga okkur að breyttu ástandi í sífellt heitari heimi. Þau okkar sem lifa munu af, segir hann, verða ekki þau hæfustu heldur þau gæfustu (bls. 123). Þau gæfustu munu kunna og vilja umgangast jörðina á allt annan hátt en þau hæfustu sem aðeins hafa nýtt sér hana til að efla eigin hag. Jörðin og mannkyn þarfnast hins vegar hinna gæfustu nú en dygðir þeirra lýsa sér sem auðmýkt og hógværd. Þau gæfustu líta á jörðina sem heilaga, segir Sverrir feimnislega en velur að ræða það ekki frekar. Segist enda ekki vera trúður, „því miður“ (bls. 29). Út fer því heilagleikinn en inn koma þess í stað hugtökin heilbrigði, samvinna, siðferði og réttlætiskennd. Það eru gildi sem hann trúir að við öll ættum að geta fylkt okkur um. Þau gildi er rétt að efla og þá mun jörðin rísa upp í kjölfarið. „Opinn og frjór hugur getur verið svartsýnn og bjartsýnn í senn“ (bls. 127).